

4. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64, 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna og öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá fyrir þjónustu er Rannsóknastofnun landbúnaðarins annast nr. 126 19. febrúar 1999.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 14. apríl 2000.*

**Guðni Ágústsson.**

*Sigríður Norðmann.*

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Hraungerðishreppi.

Deiliskipulag iðnaðarsvæðis úr landi Hraungerðis var samþykkt á fundi hreppsnefndar Hraungerðishrepps þann 16. janúar 1996.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið málgögnin og telur að reglum og venjum um málsmeðferð deiliskipulags sbr. gr. 4.4 í skipulagsreglugerð nr. 318/1985 hafi verið fullnægt. Auglýsingin öðlast þegar gildi.

*Þingborg, 31. mars 2000.*

**Guðmundur Stefánsson** oddviti.

## AUGLÝSING

### frá ríkisskattstjóra nr. 10/2000 um framtalsfresti og álagningu samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt 2000.

Með vísan til 118. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ríkisskattstjóri ákveðið að breyta framtalsfresti lögaðila og tímamarki því sem skattstjórum er sett, sbr. 93. og 98. gr. sömu laga, til að ljúka álagningu á skattaðila vegna tekna á árinu 1999 og eigna í lok þess árs og semja og leggja fram álagningarskrár sem hér segir:

Framtalsskyldir lögaðilar skulu skila framtali til skattstjóra eigi síðar en 30. júní 2000. Álagningu tekjuskatts og eignarskatts á einstaklinga skal lokið eigi síðar en 31. júlí 2000.

Álagningu tekjuskatts og eignarskatts á lögaðila skal lokið eigi síðar en 27. október 2000.

Álagningu tryggingagjalds skal lokið eigi síðar en 27. október 2000.

*Reykjavík, 10. apríl 2000.*

**Indriði H. Þorláksson** ríkisskattstjóri.